



Reykjavík, 30. október 2023

Berist til fjárveitinganefndar Alþingis

Alþingi, 101 Reykjavík

Efni: Fjárveitingar til Rannsóknasjóðs Vísinda- og tækniráðs

Vísindafélag Íslands er óháður félagsskapur vísindamanna á öllum sviðum vísinda. Hlutverk þess er meðal annars að styðja vísindalega starfsemi, stuðla að samvinnu meðal aðila sem sinna vísindum og vinna að bættu starfsumhverfi vísinda hér á landi.

Tilfni þessa bréfs er framkomið fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2024. **Stjórn Vísindafélagsins er það verulegt áhyggjuefni hve mikið vantar upp á nauðsynlegan stuðning við grunnrannsóknir í fjárlagafrumvarpinu.** Þar er sérstaklega að nefna lið 17-550 um Rannsóknasjóð Vísinda- og tækniráðs. Áætluð fjárveiting til sjóðsins lækkar úr 3727 milljónum í 3230 milljónir, **sem er 497 milljóna niðurskurður.** Þessi niðurskurður jafngildir um 42% af nýjum styrkveitingum sjóðsins. Auk þess er áfram gert ráð fyrir niðurskurði fjárveitinga í sjóðinn á árunum 2025 og 2026 sem væri mikil öfugþróun. Að óbreyttu lækkar því fjárveiting til nýrra verkefna með lægra árangurshlutfalli sjóðsumsóknna. Launakostnaður er stærsti hluti kostnaðar rannsóknaverkefna sem Rannsóknasjóður styrkir og bitnar helst á framhaldsnemendum í meistara- og doktorsnámi og nýdöktorum. Nýjum rannsóknaverkefnum mun því að óbreyttu fækka jafnframt því sem hægja mun á þeim rannsóknaverkefnum sem þegar eru hafin.

Mikilvægt er að tryggja að forgangsroðun í vísindum og tækni verði ekki til þess að takmarka getu Íslendinga til að takast á við margþættar áskoranir umhverfis og samfélags. **Grunnrannsóknir eru ekki einungis einn hlekkur íslenskrar nýsköpunar. Þær eru undirstaða nýsköpunarinnar og jafnframt undirstaða í framhaldsnámi innan íslenskra háskóla.** Því þarf nauðsynlega að hlúa að þeim til þess að hámarka ávinning íslensks þekkingarsamfélags. Mikil áhersla fjárlagafrumvarpsins á síðari stig í ferli rannsókna og nýsköpunar er því miður á kostnað grunnrannsóknanna. Ef Rannsóknasjóður Vísinda- og tækniráðs á að halda í við íslenskt rannsóknarumhverfi og hlúa að því sem skyldi þarf að stórefla hann og gæta þess á hverjum tíma að fjárveitingin taki mið af efnahagsþróun.

Grunnrannsóknir eru stundaðar með þekkingaröflun að meginmarkmiði. Þær skapa breiðan þekkingargrunn og veita ungum vísindamönnum færni í vísindalegum vinnubrögðum og eru því nauðsynleg undirstaða í tækni- og þekkingarfyrirtækjum. Þannig mynda grunnrannsóknir mikilvæga innviði til efnahagslegra og félagslegra framfara sem ríkinu ber að standa vörð um.



Ábati samfélagsins af grunnrannsóknum er afar mikill. Ef einungis er litið á fjárhagslegan ávinning má áætla að árleg ávöxtun fjárfestingar í grunnrannsóknum sé á milli 20% og 60% eftir aðstæðum.¹ Markmið fjárfestinga í grunnrannsóknum er annað en fjárfestinga í

afmörkuðum hagnýtum rannsóknum eða tækni. Ábati grunnrannsókna er samfélagslegur á breiðum grunni, kemur fram stig af stigi á löngum tíma og er ekki fyrirfram útreiknanlegur. Grunnrannsóknir eru almannagæði sem ríkið fjárfestir í til þess að samfélagið allt fái notið ávinningsins af þeim.

Rannsóknasjóður Vísinda- og tækniráðs er samkeppnissjóður sem hefur fyrir löngu sannað gildi sitt fyrir íslenskt samfélag. Sjóðurinn styrkir óháðar grunnrannsóknir þar sem vísindafólk leggur fram hugmyndir sínar til rannsókna án sérstakra takmarkana um viðfangsefni þegar sótt er í sjóðinn. Á grundvelli samkeppni milli framsækinnna og vandaðra rannsóknaáætlana er bestu verkefnum hverju sinni veittur rannsóknastyrkur.

Aukmið framlag hins opinbera til samkeppnissjóða á undanförunum árum hefur eft íslenskt vísindasamfélag til muna. Það sést meðal annars á þeirri grósku sem hefur orðið í íslenskum vísindum og birtist í vaxandi sókn vísindamanna í sjóðina. Til þess að ávinningur þessarar fjárfestingar tapist ekki er gríðarlega mikilvægt að halda uppbyggingu óháðra íslenskra grunnrannsókna áfram. Takist vel til eru líkur á að íslenskir vísindamenn skapi óvæntar lausnir á vandamálum umhverfis og samfélags, auk þess sem bolmagn íslensks vísindasamfélags til að sækja aftur það fjármagn sem Ísland veitir í erlenda sjóði eins og í rammaáætlun Evrópusambandsins er tryggt áfram. Öflugur stuðningur innan Íslands er grundvallarforsenda þess að íslenskt vísindafólk nái slíkum árangri á alþjóðlegum vettvangi.

Þegar fjármögnun rannsókna á Íslandi er borin saman við nágrannalönd okkar sker Ísland sig úr hvað varðar tilvist einkasjóða ætluðum til rannsókna. Slíkir sjóðir eru mjög fáir hér á landi, eru hver um sig á þröngu sviði og hafa lítið bolmagn til að fjármagna rannsóknir til langs tíma, ólíkt því sem gengur og gerist í nágrannalöndum okkar. Þessi sérstaða Íslands felur í sér að hið opinbera hefur enn ríkari skyldur en ella við fjármögnun grunnrannsókna.

Stjórn Vísindafélags Íslands skorar á Alþingi að stuðla að áframhaldandi uppbyggingu Rannsóknasjóðs Vísinda- og tækniráðs með umtalsverðri raunaukningu framlags ríkisins í sjóðinn.

F.h. stjórnar Vísindafélags Íslands

Rúnar Vilhjálmsson

¹ Salter A.J. and Martin B.R. *The economic benefits of publicly funded basic research: a critical review*. Research Policy 2001.